

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Vogum.

Grænaborg 2, deiliskipulag, fjölgun íbúða.

Breytingin felur í sér fjölgun íbúða úr 9 í 10 íbúðir. Heimild fyrir hjóla- og vagnageymslu inn á baklóð og nýtingarhlutfall fer úr 0,55 í 0,56 að öðru leyti gilda sömu skilmálar. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Grænaborg, deiliskipulag, dreifistöð.

Breytingin gerir ráð fyrir 20 fermetra lóð fyrir dreifistöð rafveitu HS Veitna. Vegna þess minnkar lóð Staðarborgar 1 sem því nemur. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Grænaborg, deiliskipulag, lóðir við Sjávarborg og Staðarborg.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 24. nóvember 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðir í Grænuborgarhverfi. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir 8 einbýlishúsum við Sjávarborg 2-16 en við breytinguna verða lóðirnar fjórar og innan hveirrar verður raðhús á einni hæð. Óveruleg breyting verður á stærð lóða í Staðarborg við breytinguna. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Vogum, 19. nóvember 2022.

Davíð Viðarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 21. nóvember 2022